

Jöklabreytingar 1930-1960, 1960-1990 og 1994-1995

Oddur Sigurðsson

Orkustofnun Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

YFIRLIT

Jöklamælingamenn vitjuðu 39 staða við jökulsporða haustið 1995. Unnt reyndist að mæla á 36 stöðum og hafði jaðarinn hopað á 18 þessara staða, gengið fram á 14, en staðið í stað á 4. Af þeim jökulum sem ekki eru þekktir framhlaupsjökular skriðu 9 fram en 5 hopuðu. Á 3 stöðum varð að ganga frá án þess að mælt yrði vegna óhagstæðra skilyrða.

Sumarið 1995 var mun hlýrra en sumarið á undan og nærri meðaltali árána 1930-1960 nema júní sem var allkaldur.

Framhlaup Tungnárjökuls hófst í kjölfar gangs í Síðujökli og fóru margir upp í Jökulheima til að komast í návígi við hamfarirnar. Stutt lýsing á þessum stórmerkjum er í 44. árgangi Jökuls (Oddur Sigurðsson, 1996). Gangur var í jöklinum frá jaðri og upp undir ísaskil á Háubungu og var því nær allur á hreyfingu veturinn 1994-1995. Jaðarinn gekk hvarvetna fram frá Kerlingum austur að Síðujökli að undanskilinni smá spildu vestan við Skaftárfell inn af Langasjó. Skaftárjökull tók því þátt í þessum látum eins og 1945-46.

Enn heldur Drangajökull á ofan í Leirufjörð og Kaldalón. Ekki er mikið land komið undir jökul enn en þeim mun ófriðlegar lætur jökullinn og er örugglega ekki kominn eins langt og hann vill í þessari skorpu.

AFKOMUMÆLINGAR

Hér fylgja í töflu tölur um afkomu nokkurra jökla samkvæmt mælingum Orkustofnunar og Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands (sjá töflu 1) (Helgi Björnsson og fl., 1993, 1995a og 1995b og Oddur Sigurðsson, 1989, 1991 og 1993). Til samanburðar eru einnig í töflunni samsvarandi tölur fyrri ára.

ATHUGASEMDIR OG VIÐAUKAR

DRANGAJÖKULL

Í *Kaldalóni* - Indriði á Skjaldfönn lýsir framhlaupi í Kaldalónsjökli í bréfi 28. október 1995: „Besta veður var mælingadaginn í haust, sást vel til hreyfinga niður með Jökulholtunum, Lónseyrarmegin við Kaldalónsbotninn. Ég fór að mælingu lokinni upp á Votubjörgin af jökulsporðinum og sá þá vel hvernig hann hefur umturnast norðan við Úfinn. Slædufoss sem kominn var undan jökli í fyrra og er afar hár, er horfinn undir framskriðið af brúninni og kverkin óðum að fyllast af framhruni. Brestir kváðu við öðru hvoru, flugvél kom yfir hábunguna eflaust í skoðunarferð og hélt síðan í átt að Leirufirði. Þegar ég var kominn töluvert langt heim á brúnirnar varð mikið hrun innfrá, með braki og brestum og í sjónauka sá ég síðustu molana skoppa niður í kverkarbotninn. Framskriðið sem mældist núna er mest nýr snjó frá síðasta vetri, en einnig gætir aðeins hreyfingarinnar að norðan á mællínunni.

Veturinn frá áramótum á engan sinn líka í veðurvönsku, samfelld n-a átt, stórhriðar oftast eða renningur og mokaði linnulaust til marsloka í skjólin sunnanímóti, enda engi dæmi um annan eins snjó hér um slóðir þegar loks voraði í maíbyrjun. Vorið var frekar kalt nema seinni partinn í maí, enda andaði ekki hlýlega frá þessari yfirgengilegu fannbreiðu. Greri seint og kal í tünnum verulegt. 5. júlí gerði ofstopaveður af norðaustri, krapahrið sem kallað hefur verið „Spánverjahretið“ vegna leitar sem gerð var að spænsku pari sem óttast var um á jöklinum, en sem betur fer komust þau í slysavarnarskýli í Hrafnfirði áður en braut á. Júlí kaldur en ágúst hlýr að sama skapi, en votviðrasumur úr hófi og heyskapur erfiður. Berjaspretta lítil vegna sólarleysis, en rættist úr sprettu svo hefyngur varð framar öllum vonum. Ágæt tíð var til 20. september,

göngur því auðveldar og dilkar þokkalegir. Úr því gekk í n-a rosa og óhemjuúrkomu oftast og nú síðast 4 sólarhringa stórhrið með sínum hörmulegu afleiðingum fyrir Flateyringa. Skjaldfönn og aðrar fannir sunnanímóti hafa aldrei í minni núlifandi fólks hér, verið eins vöxtulegar og nú þegar þær hurfu undir nýtt stórfenni. Þetta ár til þessa fær því veðurfarslega hin verstu eftirmæli og byggðir Vestfjarða mega ekki við fleiri slíkum að sinni.”

Leirufjarðarjökull - Í mælingaskýrslu 9. september 1995 er haft eftir Ásgeiri Sólbergssyni að mælt hafi verið í harðan sumarsnjó sem rís lóðrétt tugi metra. Ekki sér í jökulís. Tveggja metra hár uppýttur hraukur fyrir framan vegginn. Undirgangur heyrðist í fjarska. Í bréfi Sólbergs Jónssonar 29. nóvember 1995 segir svo: „Seinasti vetur er einn mesti snjóavetur, sem um getur á þessari öld. Þegar vetur gekk í garð í Leirufirði þá voru fannir með mesta móti, og þegar ég komst norður 4. júní þá var sá almesti snjór í Leirufirði, sem ég hef séð þar í þau 33 ár sem ég hef komið þar. Vorið var mjög kalt og júlí sömuleiðis. Ágúst og fyrripartur af september var mjög góður. Fannir í fjöllum og á jökli voru meiri en nokkru sinni áður þann 17. september, sem ég hef verið þar.”

Reykjarfjarðarjökull - Þröstur Jóhannesson bróðursonur Guðfinns Jakobssonar hefur nú tekið við mælingum á jöklinum af frænda sínum, sem þjónaði í hart nær hálfra öld af nákvæmni og samvirkusemi við erfiðar kringumstæður og lét sig ekki muna um það á níræðisaldri að ganga fram að jökli eina ferðina enn.

Þröstur getur þess í bréfi að aurskriða hafi fallið úr Hálsbungu á jökulsporðinn og villt um fyrir mælingamönnum um stund, enda fóru merki undir skriðuna og önnur voru færð til. Vetrarsnjór var óvenju lengi í lautum og giljum í fjöllum í Reykjarfirði þrátt fyrir skaplegt sumarveður. Auk þessa segir í bréfinu: „Í sumar sem leið fór ég fyrir leitarleiðangri fjögurra snjóbíla á Drangajökul, en ég hef verið einn af þrem bílstjórum á snjóbil Hjalparsveitar skáta á Ísafirði í rúmlega 10 ár. Ég hef farið margar ferðir á jökulinn og komið á hann bæði austan og vestan frá. Allar þessar ferðir hafa verið síðla vetrar eða snemma vors utan ein er ég fór í ágúst 1986 til að mæla inn sigkatla fyrir Landmælingar Íslands. Þessir katlar voru 4 1986, þrír saman NV af Hljóðabungu en einn stakur NA af bungunni. Sá ketill

Tafla 1.

AFKOMA NOKKURRA JÖKLA 1987 - 1995
MASS BALANCE 1987 - 1995

| Ár Year | Vetur Winter m | Sumar Summer m | Árið Net m | Jafnvægislína Equilib. line m y.s.(m a.s.l.) |
|---------------------------|----------------------|----------------------|------------------|----------------------------------------------------|
| Sátujökull | | | | |
| 1987-1988 | 1,31 | -2,27 | -0,96 | 1330 |
| 1988-1989 | 1,74 | -1,24 | 0,50 | 1190 |
| 1989-1990 | 1,45 | -2,05 | -0,60 | 1340 |
| 1990-1991 | 1,94 | -3,35 | -1,41 | 1490 |
| 1991-1992 | 1,87 | -0,81 | 1,06 | 1160 |
| 1992-1993 | 1,69 | -0,94 | 0,75 | 1165 |
| 1993-1994 | 1,56 | -1,49 | 0,07 | 1250 |
| 1994-1995 | 1,72 | -2,30 | -0,58 | 1315 |
| amt. '87-'95 | | | -1,01 | |
| Þjórsárjökull | | | | |
| 1988-1989 | 2,22 | -1,22 | 1,00 | 1010 |
| 1989-1990 | 1,75 | -1,64 | 0,11 | 1160 |
| 1990-1991 | 2,09 | -3,08 | -0,99 | 1230 |
| 1991-1992 | 2,59 | -0,98 | 1,61 | 1000 |
| 1992-1993 | 2,21 | -1,44 | 0,77 | 1070 |
| 1993-1994 | 1,63 | -1,83 | -0,20 | 1155 |
| 1994-1995 | 1,74 | -2,54 | -0,80 | |
| amt. '88-'95 | | | 1,50 | |
| Blágnjúpjökull | | | | |
| 1988-1989 | 1,73 | -1,28 | 0,45 | 1160 |
| 1989-1990 | 1,35 | -2,02 | -0,68 | 1300 |
| 1990-1991 | 1,73 | -3,21 | -1,49 | 1340 |
| 1991-1992 | 1,96 | -1,28 | 0,68 | 1180 |
| 1992-1993 | 1,80 | -1,73 | 0,07 | 1230 |
| 1993-1994 | 1,26 | -2,14 | -0,87 | 1310 |
| 1994-1995 | 1,33 | -2,49 | -1,17 | 1350 |
| amt. '88-'95 | | | -3,01 | |
| Þrándarjökull | | | | |
| 1990-1991 | 2,25 | -3,24 | -0,99 | >1240 |
| 1991-1992 | 2,27 | -1,88 | 0,39 | 950 |
| 1992-1993 | 2,14 | -1,43 | 0,72 | 985 |
| 1993-1994 | 2,24 | -1,84 | 0,40 | 1020 |
| 1994-1995 | 1,41 | -2,41 | -0,99 | >1240 |
| amt. '90-'95 | | | -0,47 | |
| Eyjabakkajökull | | | | |
| 1990-1991 | 2,28 | -3,19 | -0,90 | ~1150 |
| 1991-1992 | 2,11 | -2,07 | 0,04 | 1070 |
| 1992-1993 | 2,07 | -1,33 | 0,74 | 1010 |
| 1993-1994 | 2,30 | -1,83 | 0,46 | 1045 |
| 1994-1995 | 1,76 | -2,36 | -0,42 | 1190 |
| amt. '90-'95 | | | -0,08 | |
| Tungnaárjökull | | | | |
| 1991-1992 | 1,75 | -1,51 | 0,24 | 1120 |
| 1992-1993 | 1,87 | -1,74 | 0,13 | 1130 |
| 1993-1994 | 1,70 | -1,84 | -0,14 | 1160 |
| amt. '91-'94 | | | 0,23 | |
| Köldukvístarjökull | | | | |
| 1994-1995 | 1,30 | -1,89 | -0,59 | 1410 |
| Dyngjujökull | | | | |
| 1992-1993 | 1,60 | -0,33 | 1,27 | 1100 |
| 1993-1994 | 1,44 | -1,25 | 0,19 | 1250 |
| 1994-1995 | 1,47 | -1,45 | 0,02 | 1310 |
| amt. '92-'95 | | | 1,48 | |
| Brúarjökull | | | | |
| 1992-1993 | 1,63 | -0,54 | 1,09 | 1070 |
| 1993-1994 | 1,75 | -1,42 | 0,33 | 1140 |
| 1994-1995 | 1,64 | -1,84 | -0,20 | 1260 |
| amt. '92-'95 | | | 1,22 | |

hvarf fyrir þrem árum og hef ég ekki orðið var við hann síðan. Leitarleiðangurinn fór upp Unaðsdal og á jökulinn yfir undir brún Leirufjarðar, yfir öxl Jökulbungu og síðan í 700 m hæð suður fyrir Kaldalón. Veður var afleitt og færðin leiðinleg vegna þess hve snjórinn var öldóttur. Jökullinn var allur hulinn nýjum snjó enda snjóaði niður í sjó. Hvergi urðum við varir við neitt óvenjulegt.”

NORÐURLANDSJÖKLAR

Gljúfurárjökull - Í skýrslu frá Kristjáni Hjartarsyni segir að snjór liggir yfir jökulsporðinum og verði því breytingin ekki nákvæmlega áætluð. Af athugun Kristjáns og ljósmynd sem fylgir er þó ljóst að ekki hefur hann gengið fram.

Barkárdalsjökull - Undanfarin ár hefur svissneskur landfræðingur mælt breytingar við Barkárdalsjökul og sent bréf þar um. Af jarðfræðiathugun telst honum til að jökullinn hafi hoptað 300 m frá aldamótum til ársins 1975. Mældist honum að næstu 10 ár hafi sporðurinn

gengið fram 125 m og hafi rokkað fram og aftur á svipuðum stað síðan.

HÖFSJÖKULL

Sátujökull - Enn er erfitt að ákvarða jökuljaðarinn hér nákvæmlega enda er hann þakinn aur. Ljóst er þó að jaðarinn er að hopta.

Múlajökull - Næstu tvær tilvitnanir eru í skýrslur Leifs Jónssonar. „Í skýrslu 1987 gat ég um hlaup úr lóni ofan Hjartafells. Trúlega hefur nú hlaupið aftur úr lóninu. Svo virðist sem jökullinn hafi fjarlægst fellið sem skiptir á annað hundrað metra og virðist svo sem undan honum hafi komið gamlir jökulgarðar, samhliða þeim sem fyrir voru í hlíðum fellsins. Hinn möguleikinn er og fyrir hendi að jökulgarðar þessir liggja ofan á jökuljaðrinum.

Lækurinn sem alla tíð hefur komið undan jöklinum í mörgum kvíslum á mælingastað, kemur nú í einum farvegi úr fallegum íshelli sem er manngengur 80-100 m inn.”



Jaðar Tungnárjökuls að þenja sig upp af mælinúna í upphafi framhlaups haustið 1994. Kúlan á jöklinum er um 40 m há.

Ljóssm./Photo Oddur Sigurðsson 14.10.1994

– *Terminus of Tungnárjökull starts moving due to surge in the fall 1994. The bulge on the glacier is about 40 high.*

Tafla 2. Jöklabreytingar 1930-1960, 1960-1990 og 1994-1995

– Glacier variations 1930-1960, 1960-1990 and 1994-1995

| Jökull <i>Glacier</i> | 1930-1960 | 1960-1990 | 1993-1994 | Dags, 2 síð. mæl. <i>Date of 2 last obs.</i> | Mælingamaður <i>Observer</i> |
|-------------------------------------------|-----------------------------------|----------------------------------|-----------|-------------------------------------------------|----------------------------------------------|
| Snæfellsjökull | | | | | |
| Hymingsjökull | ³¹ -935 | +107 | +28 | 94.09.13- 95.10.11 | Hallsteinn Haraldsson, Gröf |
| Jökulháls | ³⁴ -753 ⁵⁷ | sn | sn | 94.09.13- 95.10.11 | Hallsteinn Haraldsson, Gröf |
| Drangajökull | | | | | |
| Kaldalónsjökull>> | ³¹ -500 | -986 ⁴⁸ | +12 | 94.09.17- 95.09.11 | Indriði Aðalsteinsson, Skjaldfönn |
| Reykjarfjarðarjökull>> | ³¹ -408 | -1489 | -8 | 94.08.13- 95.08.17 | Próstur Jóhannesson, Ísafirði |
| Leirufjarðarjökull>> | ³⁴ +35 ⁵⁷ | ⁵⁷ -697 | +39 | 94.09.09- 95.09.09 | Sólberg Jónsson, Bolungarvík |
| Norðurlandsjökla | | | | | |
| Gljúfurárjökull | ⁵⁹ -189 ⁵⁹ | ⁵⁹ -70 ⁸⁹ | sn | 94.09.22- 95.09.15 | Kristján Hjartarson, Tjörn |
| Hálsjökull | — | ⁷² -44 ⁸⁸ | — | 93.09.18- | Pórir Haraldsson, Akureyri |
| Barkárdalsjökull | ⁶⁰ -300 ⁷⁵ | ⁷⁵ +99 ⁸⁸ | 0 | 93.08.04- 95.08.17 | Thomas Haberle, Sviss |
| Bægisárjökull | ⁷⁹ -101 ⁵⁷ | ⁶⁷ -100 ⁷⁷ | — | 94.09.28- | Jónas Helgason, Akureyri |
| Grímslandsjökull | — | — | — | 94.09.14 | Sigurður Bjarklind, Akureyri |
| Langjökull | | | | | |
| Hagafellsjökull vestari>> | ³⁴ -1256 ⁶¹ | ⁶¹ +33 | — | 93.10.10- | Theodór Theodórsson, Reykjavík |
| Hagafellsjökull eystri>> | ³⁴ -2200 | +779 | — | 93.10.10- | Theodór Theodórsson, Reykjavík |
| Jökulkrökur | — | ⁷² -42 ⁹¹ | — | 91.09.08- | Theodór Theodórsson, Reykjavík |
| Hofsjökull | | | | | |
| Sátujökull á Lambhrauni | ⁵⁰ -210 ⁵⁹ | ⁵⁹ -207 ⁸² | — | 94.10.08- | Bragi Skúlason, Sauðárkróki |
| Sátujökull við Eyfirðingahóla | — | ⁸³ -131 | — | 94.10.08- | Bragi Skúlason Sauðárkróki |
| Nauthagajökull | ³² -418 | -151 | -2 | 94.10.08- 95.09.23 | Leifur Jónsson, Reykjavík |
| Múlajökull, vestur>> | ³⁷ -175 | -29 | -8 | 94.10.08- 95.09.23 | Leifur Jónsson, Reykjavík |
| Múlajökull, suðvestur>> | ³⁷ -175 | -29 | -64 | 94.10.08- 95.09.23 | Leifur Jónsson, Reykjavík |
| Múlajökull, suður>> | ³² -571 | +26 | -52 | 94.10.08- 95.09.23 | Leifur Jónsson, Reykjavík |
| Eyjafjalla- og Mýrdalsjökull | | | | | |
| Gígjökull | -631 ⁵⁸ | ⁵⁸ +231 | — | 94.12.11- | Theodór Theodórsson, Reykjavík |
| Sólheimajökull, vesturtunga | -823 | +304 | +13 | 94.10.08- 95.11.10 | Valur Jóhannesson, Reykjavík |
| Sólheimajökull, Jökulhaus | -419 | +243 | -10 | 94.10.08- 95.11.10 | Valur Jóhannesson, Reykjavík |
| Sólheimajökull, austurtunga | -729 | +273 | +16 | 94.10.08- 95.08.27 | Valur Jóhannesson, Reykjavík |
| Kötlujökull | — | — | -20 | 93.10.28- 95.11.10 | Hilmar Jón Brynjólfsson, Þykkvabæjarklaustri |
| Öldufellsjökull>> | — | ⁶⁶ -141 ⁵⁹ | — | 93.08.24- | Gissur Jóhannesson, Herjólfsstöðum |
| Vatnajökull | | | | | |
| Tungnaárjökull>> | ⁵⁵ -200 | -2626 | +1175 | 94.10.08- 95.10.10 | Hafliði Bárður Harðarson, Reykjavík |
| Síðujökull, staður 1>> | — | ⁶⁴ -1093 | -3 | 94.09.24- 95.10.07 | Björn Indriðason, Reykjavík |
| Síðujökull, staður 2>> | — | ⁶⁴ -1202 | -4 | 94.09.24- 95.10.07 | Björn Indriðason, Reykjavík |
| Skeiðarárjökull, vestur>> | ³² -2268 | -190 | -77 | 92.10.29- 95.11.09 | Eyjólfur Hannesson, Núpsstað |
| Skeiðarárjökull, miðja>> | — | — | -84 | 91.11.?? - 95.11.03 | Hannes Jónsson, Hvoli |
| Skeiðarárjökull, austur I, sæluhús >> | ⁵⁰ -335 | +82 | -31 | 94.09.29- 95.10.07 | Bragi Þórarinnsson, Reykjavík |
| Skeiðarárjökull, austur III | ³² -928 | +58 | -7 | 94.09.29- 95.10.07 | Bragi Þórarinnsson, Reykjavík |
| Skeiðarárjökull, austur IV, farvegur | ³² -594 | -110 | -3 | 94.09.29- 95.10.06 | Bragi Þórarinnsson, Reykjavík |
| Morsárjökull, staður 1 | ³² -1137 | -50 | 0 | 94.09.30- 95.10.07 | Bragi Þórarinnsson, Reykjavík |
| Skaftafellsjökull, staðir 2 og 3 | ³² -1064 | -167 | -56 | 94.10.05- 95.10.13 | Guðlaugur Gunnarsson, Svínafelli |
| Öræfajökull | | | | | |
| Svínafellsjökull, staður 2 | ³² -420 | +15 | +5 | 94.10.05- 95.10.13 | Guðlaugur Gunnarsson, Svínafelli |
| Virkisjökull | ³² -344 | -91 ⁸⁹ | 0 | 94.10.05- 95.10.13 | Guðlaugur Gunnarsson, Svínafelli |
| Falljökull | ³¹ -27 | +114 | -1 | 94.10.05- 95.10.13 | Guðlaugur Gunnarsson, Svínafelli |
| Kvíárjökull | ³⁴ -530 | +39 | +6 | 94.09.08- 95.09.15 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Hrútarjökull | ⁴⁷ -150 | -24 | +5 | 94.09.29- 95.09.26 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Fjallsjökull, Gamlasel | ³³ -949 | -201 | +25 | 93.09.07- 95.09.24 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Fjallsjökull, Fitjar | ³⁵ -529 | -123 | +5 | 94.09.15- 95.09.26 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Fjallsjökull, við Breiðamerkurfjall | ⁶¹ -13 | -58 ⁹¹ | -5 | 94.09.17- 95.09.27 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Breiðamerkurjökull, við Breiðamerkurfjall | ³³ -976 | -819 | 0 | 94.09.17- 95.09.27 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Vatnajökull | | | | | |
| Breiðamerkurjökull, upp af Breiðárskála | ³³ -130 ⁴⁰ | -1164 ⁸³ | — | 83.09.12- 94.09.17 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Breiðamerkurjökull, upp af Nýgræðum | ³² -1195 | -1432 | -30 | 94.09.16- 95.09.28 | Helgi Björnsson, Kvískerjum |
| Breiðamerkurjökull, við Stemmu | ³² -1554 | -736 | — | 93.11.20- | Steinn Þórhallsson, Breiðabólstað |

| Jökull <i>Glacier</i> | 1930-1960 | 1960-1990 | 1993-1994 | Dags, 2 síð. mæl. <i>Date of 2 last obs.</i> | Mælingamaður <i>Observer</i> |
|----------------------------------------|--------------------|-----------------------------------|-----------|-------------------------------------------------|------------------------------------|
| Breiðamerkurjökull, við Fellsfjall | ³⁶ -869 | ⁶⁵ -697 | — | 93.11.20- | Steinn Þórhallsson, Breiðabólstað |
| Brókarjökull | ³⁵ -655 | +268 | — | 94.10.23- | Eyjólfur Guðmundsson, Hornafirði |
| Skálafellsjökull | -799 | -271 | +1 | 93.12.04- 95.10.07 | Eyjólfur Guðmundsson, Hornafirði |
| Heinabergsjökull, við Hafrafell | -1197 | -773 | +169 | 94.11.05- 95.10.17 | Eyjólfur Guðmundsson, Hornafirði |
| Heinabergsjökull, við Geitakinn | -1113 | -366 ⁹¹ | +125 | 94.11.05- 95.10.17 | Eyjólfur Guðmundsson, Hornafirði |
| Fláajökull, við Hólmsárgarð | ³⁴ -620 | -95 | — | 94.10.20- | Eyjólfur Guðmundsson, Hornafirði |
| Fláajökull, austur 1, merki J 148 | -1182 | -195 ⁹¹ | — | 94.10.20- | Eyjólfur Guðmundsson, Hornafirði |
| Svínafellsjökull, staður 3, Hornafirði | -1804 | -817 | — | 92.10.09- | Oddur Sigurðsson, Reykjavík |
| Hoffellsjökull, staður 2 | -170 | -193 ⁷⁹ | — | 90.10.19- | Prúðmar Sigurðsson, Miðfelli |
| Eyjabakkajökull>> | — | ⁷¹ +1863 ⁸⁵ | — | 85.09.22- | Gunnsteinn Stefánsson, Egilsstöðum |
| Brúarjökull>> | — | ⁶³ +6402 ⁸⁸ | — | 88.11.09- | Ásgeir Gunnarsson, Egilsstöðum |
| Kverkjökull | — | ⁸³ -87 ⁸⁹ | — | 93.09.26- | Oddur Sigurðsson, Reykjavík |

+ merkir framrás,

sn merkir að eitthvað hindri mælingu (snjór, lón eða þ.u.l.),

>> tákna framhlaupsjökul

- merkir hop,

— merkir ekki mælt

Leifi þótti mælistaðirnir tveir vera of austarlega og vestarlega á frambrún jökulsins svo hann bætti við mælistað á milli þeirra og verður mæling þar birt framvegis einnig.

Nauthagajökull - „Hlaupið hefur úr lóninu ofan við Ólafsfell. Allnokkur jarðvegsspjöll hafa orðið á gróður-totunni fram af fellinu. Einnig hefur étist mjög úr melöldum tveim austur af fellinu. Gróðurtorfur og aur hefur borist langt suður í Nauthaga.“

MÝRDALSJÖKULL

Sólheimajökull - Valur Jóhannesson segir í skýrslu: „... þó er framskriðið aðeins 1 m lengra en það náði lengst í fyrra. ... Jökullinn er ekki eins ávalur og í fyrra og hefur gengið lengra út á áraurana, útfallið allt að vestanverðu. Jökultunga hefur gengið fram milli gömlu mæilífnunnar og Jökulhauss.“

Jökullinn hefur aldrei verið svona hár inn af Jökulhaus, mikið sprunginn, þó ekki í brúnina, þar er hann aurborinn. Aðeins grillir í Hvítmögu milli jökulborganna en jökullinn virðist vera lægri innar á jöklinum.“

Austurtungan er há að framan, sandorpin og ávöl. Jökullinn hefur verið þverhniptur undanfarin ár. Hluti af vatninu kemur eftir farvegi austar en áður og samantlagt vatn meira en áður.

VATNAJÖKULL

Tungnárjökull - tók undir sig tæplega 1200 m stökk, nánast jafnlangt og Síðujökull í fyrra. Kom það eftir hálfra aldar hvíld og liggur þar ósögð mikil saga sem vonandi verður greint frá hér í ritinu í fyllingu tímans.

Síðujökull - Björn Indriðason segir á mælinga-skýrslu: „Allstór nýr farvegur er nú rétt austan við eystri mæilífnuna. Trúlega er hann frá því er flóð varð í Djúpa í sumar.“

Skeiðarjökull - Settar voru nýjar stengur við merki Eyjólfss Hannessonar við vestanverðan jökulinn. Þær eru nr. 109 og 110. Jökullinn var greinilega að hopa þar en vegna misræmis við síðustu mælingu er hopfjarlægðin miðuð við mælinguna frá 1992.

Hannes Jónsson á Hvoli í Fljótshverfi mældi breytingu á jaðri jökulsins við tréhæla sem Vegagerðin lét setja upp 1991 skammt vestan við austasta lónið í farvegi Gígjukvíslar. Þar hafði jökullinn hopað 84 m síðan hann gekk lengst fram 1991.

Bragi Þórarinnsson segir jökuljaðarinn austast lækka síffellt eins og undanfarin ár.

Guðlaugur Gunnarsson segir Skaftafellsjökul mjög þunnar og hopa yfir slétt land. Fram úr Svínafellsjökli standa „skíði“ sem er merki um að gangur sé í honum. Hann hefur hækkað en er ekki mikið sprunginn. Virkisjökull ýtti fram öldu um árið og hefur ekki losað sig frá henni. Þess vegna er mæling ekki mjög nákvæm. Hvorki virðist framskrið í honum né Falljökli.

Kvíarjökull - Í bréfi 10. nóvember 1995 segir Helgi Björnsson á Kvískerjum að stóra grjóttjökulhæðin, sem komin er næstum niður á sporð, er farin að rofna áberandi að austanverðu. Hann virðist hafa sléttara yfirborð en í fyrra og sama má segja um Hrutárjökul þrátt fyrir að sporðurinn hafi mjakast fram.

Fjallsjökull - er fremur sléttur og hefur hörfað á mælingastaðnum við Breiðamerkurfjall. Sama á við um jökulinn vestanverðan því jökulvegurinn í Ærfjall var

með besta móti í haust. Jökulsporðurinn hefur þó gengið fram og hæðarbrúnnin upp af Sprekalóni er í meiralagi sprungin enda gangur í honum í vetur. Samt er orðinn dálítill lónpollur á flata jöklinum upp af mælingastaðnum, sem bendir til að um einhverja lækkun sé að ræða.

Breiðamerkurjökull - er ekki eins brattur upp vestan Jökulsár eins og verið hefur, sérstaklega begja megin við Mávabyggðarönd. Sama er að segja um jökulinn næst Breiðamerkurfjalli austan við Laka og við minni Jökuldals. Þess vegna kom á óvart að jaðarinn hefði ekki hörfað á mælistaðnum vestan við Breiðarlón.

Heinabergsjökull - Eyjólfur Guðmundsson segir að erfitt hafi verið að mæla vegna veðurhæðar og málbandið slitnað í átökunum þótt margir hafi verið til að halda við það (nemendur úr Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu). „Mælingarnar sýna verulegt skrið á jöklinum og hefur hann ekki staðið framar síðan ég fór að mæla. Ef jökullinn heldur áfram að skríða með svipuðum hraða í nokkur ár gæti hann lokað lóninu að sunnanverðu og þar með komið í veg fyrir að Heinabergsvötn renni í Kolgrímu en leiti þess í stað austur úr lóninu nyrst eins og það gerði fyrir 1945. Miðað við hreyfingu jökulsins undanfarin ár þá er þetta þó ekki líklegt því að hann hefur verið að ganga fram og hopa á víxl.“

HEIMILDALISTI

- Helgi Björnsson, Finnur Pálsson og Magnús T. Guðmundsson. 1993. Afkoma og hreyfing á vestanverðum Vatnajökli jökulárið 1991-1992. Raunvísindastofnun Háskólans. RH-93-14.
- Helgi Björnsson, Finnur Pálsson og Magnús T. Guðmundsson. 1995a. Afkoma og hreyfing á vestan- og norðanverðum Vatnajökli jökulárin 1992-1993 og 1993-1994. Raunvísindastofnun Háskólans. RH-95-2.
- Helgi Björnsson, Finnur Pálsson og Magnús T. Guðmundsson. 1995b. Afkoma, hreyfing og afrennsli á vestan- og norðanverðum Vatnajökli jökulárið 1994-1995. Raunvísindastofnun Háskólans. RH-23-95.
- Oddur Sigurðsson. 1989. Afkoma Hofsjökuls 1987-1988. Orkustofnun, OS-91005/VOD-02 B.
- Oddur Sigurðsson. 1991. Afkoma Hofsjökuls 1988-1989. Orkustofnun, OS-91052/VOD-08 B.

Oddur Sigurðsson. 1993. Afkoma nokkurra jökla á Íslandi 1989-1992. Orkustofnun, OS-93032/VOD-02.

Oddur Sigurðsson. 1996. Tungnaárjökull veltur fram. *Jökull*, 44, 1.

Abstract

Glacier variations 1930-1960, 1960-1990 and 1994-1995

In 1995, glacier variations were recorded at 36 locations, 14 tongues showed advance, three were stationary and 18 retreated. Measurements could not be made at 3 of the visited stations because of snow, debris, rivers, lagoons or lack of reference points.

The summer temperature of 1994 was near the 1931-1960 average, except for June which was cold.

Tungnaárjökull outlet glacier in Vatnajökull ice cap surged during the winter 1994-1995 and continued advancing till mid summer 1995. About 25 km of the terminus were on the move. The maximum advance rate was about 10 m/day. Surge continues in Kaldalónsjökull and Leirufjarðarjökull outlet glaciers from Dranga jökull ice cap in Northwest Peninsula and is expected to keep on for a couple of years yet as the records from 1930s indicate that surges at these outlet glaciers last for 3-4 years.

Results of mass balance measurements that are carried out by the National Energy Authority and the Science Institute of the University of Iceland are reported in Table 1.